

Hjúkrunarheimili Hrafnistu
Niðurstöður úttektar á starfsemi
Hrafnistu í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi

Júlí 2012

Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 41/2007 hefur Embætti landlæknis faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og starfi heilbrigðisstétta. Jafnframt er Landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar varðandi heilbrigðismál. Undir eftirlit Landlæknis heyra rúmlega tvö þúsund rekstrareiningar.

Embætti landlæknis notar margvíslegar leiðir til að sinna þessum lagaákvæðum og styðst meðal annars við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Aðferðir

Vorið 2012 var á vegum Embættis landlæknis gerð úttekt á öllum heimilum Hrafnistu; í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá framkvæmdastjórn heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnæði og aðbúnað, mannauðsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Spurningalisti var í því skyni sendur til allra heimila Hrafnistu og bárust svör við þeim spurningum í desember síðastliðnum. Athugað var hvort kvartanir hefðu borist embættinu varðandi þjónustu heimilisins á síðastliðnu ári en svo reyndist ekki vera. Þá voru niðurstöður úr RAI mati skoðaðar.

Fulltrúar frá Embætti landlæknis; Anna Björg Aradóttir, yfirhjúkrunarfræðingur, Laura Sch. Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri og Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri fóru í úttektarheimsókn á Hrafnistu í Reykjavík þann 23. maí 2012. Fundað var með fulltrúum stjórnar Hrafnistu, framkvæmdastjórum hjúkrunar allra heimilanna, gæða- og fræðslustjóra, sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfum og farið yfir ýmis gögn sem tengdust úttektinni.

Þann 24. maí 2012 fóru fyrrnefndir fulltrúar embættisins í úttektarheimsóknir á Hrafnistu í Hafnarfirði og Hrafnistu í Kópavogi.

Í skýrslunni verður hér eftir talað um öll Hrafnistuheimilin sem Hrafnistu nema þar sem um mismun að ræða þá er þess getið sérstaklega og notaðar skammstafanir fyrir heimilin: **HR** (Hrafnista í Reykjavík), **HH** (Hrafnista í Hafnarfirði) og **HK** (Hrafnista í Kópavogi).

Meginniðurstöður

Notendamiðuð þjónusta - hugmyndafræði og stefna

Hugmyndafræði Hrafnistu byggir á virðingu fyrir einstaklingnum og markmið heimilisins er að vera leiðandi í umönnun og þjónustu við aldraða og stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan heimilismanna. Markmið heimilisins eru aðgengileg á heimasíðu Hrafnistu; www.hrafnista.is. Nýjasta heimili Hrafnistu, **Hrafnista í Kópavogi (HK)** byggir starfsemi sína á nýrri hugmyndafræði hér á landi (*Lev og bo*) sem leggur sérstaka áherslu á að viðhalda sjálfræði og sjálfsvirðingu heimilismanna þrátt fyrir hrakandi heilsufar og færnitap. Þá er á nokkrum deildum Hrafnistu unnið eftir hugmyndafræði *Calgary* líkansins um fjölskylduhjúkrun.

Fyrir flutning á Hrafnistu fær verðandi heimilismaður almennar upplýsingar um heimilið og er boðið að koma í heimsókn ásamt aðstandendum. Við komu fær hann og/eða aðstandendur afhenta *Handbók heimilismanna* þar sem fram koma ýmsar upplýsingar um heimilið og þá þjónustu sem veitt er. Á heimasíðu Hrafnistu má einnig finna nánari upplýsingar um starfsemi heimilanna.

Eftir komu eru haldinn fjölskyldufundur með heimilismanni og/eða aðstandendum og fer það eftir ástandi hvers og eins hvenær sá fundur er. Þess utan eru fjölskyldufundir eftir þörfum hverju sinni og ávallt ef breyting verður á heilsufari heimilismanns. Áhersla er lögð á góð samskipti við aðstandendur og hjúkrunarfræðingar eru oft í daglegu sambandi við aðstandendur til að fá fram álit og óskir þeirra.

Þjónustubættir

Hjúkrun og umönnun

Heimilismönnum á Hrafnistu er tryggð hjúkrunar- og umönnunarþjónusta allan sólarhringinn og er hjúkrunarfræðingur ábyrgur fyrir öllum vöktum. Um helgar og á kvöldin er einn hjúkrunarfræðingur á hverri deild og á nóttunni er einn hjúkrunarfræðingur í hverju húsi heimilisins.

Allir heimilismenn á Hrafnistu hafa skilgreindan tengil, ýmist hjúkrunarfræðing eða sjúkraliða sem hægt er að leita til. Við komu á heimilið fer fram ítarleg upplýsingasöfnun sem geymd er í sjúkraskrá viðkomandi.

Við hjúkrun heimilismanna sem þurfa á líknandi meðferð að halda er stuðst við *Liverpool Care Pathway* / meðferðarferli fyrir deyjandi sem notað hefur verið á líknardeildum LSH og hefur það reynst vel.

Læknisþjónusta

Fljótlega eftir flutning á Hrafnistu fær heimilismaður viðtal við sinn lækni og gerð sjúkraskýrsla og áætlun. Reglulega er fylgst með almennu heilsufari heimilismanna og eftir þörfum. Læknar eru með móttöku alla daga vikunnar á **HR** og **HH** en læknir kemur 2-3 svar í viku á **HK**, auk þess sem bakvaktþjónusta er allan sólarhringinn á öllum heimilum Hrafnistu. Heimilismenn hafa aðgang að tannlækni og önnur sérfræðiþjónusta er veitt eftir þörfum hverju sinni.

Þjálfun, virkni og sálgæsla

Á Hrafnistu er góð aðstaða fyrir sjúkra- og iðjuþjálfun og heimilismenn fá þjálfun sem hentar þörfum þeirra. Sundlaugar sem sérstaklega eru hannaðar með þarfir aldraðra í huga eru til staðar á öllum heimilum Hrafnistu. Læknir metur hvort heimilismaður þarf sjúkra- og/eða iðjuþjálfun og útbýr beiðnir þar að lútandi sem geymdar eru í sjúkraskrá viðkomandi. Öflugt tómstundastarf er á Hrafnistu sem skipulagt er af iðjuþjálfum og er það vel sótt. Prestar starfa á HR og HH og sinna þeir sálgæslu, sjá um guðsþjónustur, bænastundir og annað helgihald. Prestar frá Lindasókn sinna þessum þáttum á HK.

Fæði/mötuneyti

Allur matur er eldaður á **Hrafnistu í Reykjavík** þar sem starfa menntaðir matreiðslumenn í nánú samstarfi við næringarfræðing. Áhersla er lögð á að bjóða upp á hollan og næringarríkan heimilismat sem tekur mið af ráðleggingum Embættis landlæknis og næringarþörfum hvers og eins. Heimilismenn sem á þurfa að halda fá sérþæði og sjúkrasérþæði. Aðstandendur geta borðað með heimilisfólki þegar þeim hentar og á **HK** er einnig aðstaða til að útbúa mat á staðnum. Matseðlar fyrir viku í senn liggja frammi og eru aðgengilegir á heimasíðu Hrafnistu.

Önnur þjónusta

Heimilismenn á Hrafnistu hafa aðgang að hársnyrtingu og fót snyrtingu hjá fótaaðgerðarfræðingi. Allur þvottur heimilismanna er þveginn nema óskir séu um annað.

Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði Hrafnistu er almennt í góðu standi og vel við haldið. Á undanförunum árum hefur markvisst verið unnið að breytingum innandyra á **HR** þar sem tvö eins manns

herbergi með sameiginlegri salernisaðstöðu voru sameinuð og gerð að einu og stendur til að ljúka þeim endurbótum á næstu árum. Einnig er verið að vinna að umbótum á **HH** sem stendur til að ljúka á þessu ári.

Alls eru 129 hjúkrunarrými á **HR** og búa 117 heimilismenn í einbýlum, 6 í tvíbýlum og 6 í þrúbýlum (sem verða gerð að tvíbýlum um leið og losna rými á deildinni). Auk þess eru á **HR** 16 skilgreind hvíldarrými. Í þeim hluta húsnæðisins þar sem búið er að gera umbætur búa heimilismenn í einbýlum með einkasalerni og baðaðstöðu. Heimilismenn í einbýlum hafa góða aðstöðu til að hafa inni hjá sér persónulega muni og húsgögn og ágætis aðstaða er til að taka á móti gestum í eigin vistarverum og/eða setustofum og öðrum rýmum sem heimilið hefur upp á að bjóða. Gangar eru breiðir, stór dyraop og gott aðgengi fyrir fatlaða og góð aðstaða er fyrir starfsfólk að athafna sig við vinnu sína. Ágætis aðstaða er utanhúss og góðar svalir á hverri hæð.

Á **HH** eru 148 hjúkrunarrými, 126 heimilismenn búa í einbýlum og 22 í tvíbýlum. Auk þess eru á **HH** 10 skilgreind hvíldarrými sem öll eru einbýli. Að sögn framkvæmdastjórnar er brýnt að breyta tvíbýlum í einbýli eins fljótt og auðið er. Heimilismenn sem búa í einbýlum hafa góðar aðstæður til að hafa hjá sér persónulega muni og húsgögn og ágætis aðstaða er til að taka á móti gestum í eigin vistarverum og/eða setustofum og öðrum rýmum sem heimilið hefur upp á að bjóða. Aðstaða utanhúss er þokkaleg og heimilið er í afar fallegu umhverfi sem býður upp á gönguferðir um nágrennið.

Húsnæði **HK** er nýtt og var tekið í notkun árið 2010. Heimilismenn eru 44 og búa þeir allir í rúmgóðum einbýlum með einkasalerni og baðaðstöðu. Hjúkrunardeildir **HK** eru á tveimur hæðum og er skipulag þeirra með þeim hætti að á hvorri hæð eru tvær 11 manna einingar. Í hverri einingu er sameiginleg setustofa og borðstofa ásamt eldunaraðstöðu þar sem heimilismenn og aðstandendur geta tekið þátt í undirbúningi máltíða. Heimilismenn hafa góðar aðstæður til að taka á móti gestum í eigin vistarverum, setustofu og öðrum sameiginlegum rýmum heimilisins. Aðstaða utanhúss er með ágætum, góður garður og góðar svalir á hverri einingu.

Ávallt er tekið tillit til athugasemda frá eftirlitsstofnunum þegar þær hafa borist og leitast við að leysa málin á farsælan hátt.

Mannauðsmál

Mönnun

Alla virka daga er hjúkrunardeildarstjóri á morgunvakt auk hjúkrunarfræðinga á öllum deildum Hrafnistu ásamt sjúkraliðum og aðstoðarfólki. Á kvöldin og um helgar er einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverri deild auk sjúkraliða og aðstoðarfólks. Á

nóttunni er einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverju heimili Hrafnistu ásamt sjúkraliðum og aðstoðarfólki.

Í ljósi raunfjármögnunar til heimilisins þykir hvorki raunhæft að fara eftir *Ábendingum Landlæknisembættisins um mönnun á öldrunarstofnunum* né reiknilíkani HBR. Hrafnista hefur gert eigin mönnunarlíkan sem miðar að því að umönnunarstundir á sólarhring á hvern heimilismann séu 4,8 – 5,0 en 5,2 – 5,6 á heilabilunardeildum.

Ráðningaferli/starfsleyfi

Starfsmenn sem hefja störf á Hrafnistu þurfa að framvísa gildu starfsleyfi sé um löggilta heilbrigðisstétt að ræða. Allir starfsmenn undirrita þagnarskylduheit um leið og þeir skrifa undir ráðningarsamning.

Nýir starfsmenn fá einstaklingsmiðaða aðlögun eftir því um hvaða starf er að ræða og hver bakgrunnur viðkomandi er. Meðan á aðlögun stendur fylgja þeir ákveðnum starfsmanni og fá handbók með leiðbeiningum og starfslýsingum. Boðið er upp á nýliðafræðslu og reglulega fræðslufundi þess á milli. Verklagsreglur eru í gæðahandbók sem er til staðar á öllum deildum Hrafnistu.

Heildarstarfsmannavelta **HR** árið 2011 var 25% og heildartíðni veikinda starfsmannavar 5,8%. Tölurnar eru í hlutfalli við ársverk. Stöðugildi sem mönnuð eru starfsfólki sem er af erlendu bergi brotið eru 25%, þar af 12% við störf í aðhlynningu.

Á **HH** var heildarstarfsmannavelta 19% fyrir árið 2011 og heildartíðni veikinda starfsmanna var 5,6%. Stöðugildi sem mönnuð eru starfsfólki sem er af erlendu bergi brotið eru 14%, þar af 2% í aðhlynningu.

Heildarstarfsmannavelta **HK** árið 2011 var 25% og heildartíðni veikinda starfsmanna var 6,7%. Stöðugildi mönnuð starfsfólki sem er af erlendu bergi brotið eru 1,3% og það fólk starfar allt við aðhlynningu og bæði talar og skilur íslensku vel.

Á Hrafnistu er gerð krafa um að þeir sem annast hjúkrun, lækniþjónustu og umönnun heimilismanna tali og skilji íslensku.

Öllu starfsfólki Hrafnistu er boðið upp á árlega influensubólusetningu og það hvatt til að láta bólusetja sig. Hrafnista veitir starfsmönnum sínum árlega íþróttastyrki og veitir ýmsa ráðgjöf, svo sem við að hætta að reykja. Þá er Hrafnista með sérstaka heilsustefnu sem hægt er að nálgast í gæðahandbók á öllum deildum heimilisins. Á Hrafnistuheimilunum er starfandi heilsufulltrúi, því sinnir sjúkraþjálfari í hlutastarfi.

Gæðamál og ýmsir faglegir þættir

Á Hrafnistuheimilunum starfar gæða- og fræðslustjóri í fullu starfi og með honum starfsmaður í hálfu starfi. Gæða- og fræðslustjóri Hrafnistu er aðalumsjónarmaður með RAI mati og fylgist ásamt öðrum hjúkrunarfræðingum með skráningu og niðurstöðum úr matinu. Að loknu hverju matstímabili eru niðurstöður skoðaðar og kynntar þeim sem koma að RAI mati á hverjum stað. Hver deild setur sér í framhaldinu markmið og umbótavinnu er hrundið af stað ef þörf krefur. Niðurstöður fyrir hvern og einn heimilismann eru prentaðar út og hjúkrunaráætlun er endurmetin út frá niðurstöðum matsins.

Gæða- og fræðslustjóri á Hrafnistu hefur umsjón með gerð gæðahandbókar sem liggur frammi á öllum deildum heimilisins og einnig má nálgast hana á rafrænu formi á innri síðu Hrafnistu. Í gæðahandbókinni sem er í stöðugri þróun má finna verklagsreglur varðandi ýmsa þætti hjúkrunar, gæðamál, sýkingavarnir og vinnuleiðbeiningar. Einnig má í gæðahandbókinni finna skjalfesta stefnu um starfsmannamál, heilsumál og lyfjastefnu.

Verklagsreglur og fræðsluefni varðandi handþvott og aðrar sýkingavarnir eru til útprentaðar á hverri deild. Allar sýkingar sem eiga upptök sín á heimilinu eru skráðar.

Lyfjamál

Hjúkrunarfræðingar á Hrafnistu er ábyrgir fyrir lyfjatiltekt og hafa þeir aðgang ásamt sjúkraliða með framhaldsmenntun að miðlægum lyfjalager. Aðeins hjúkrunarfræðingar hafa aðgang að eftirritunarskyldum lyfjum og öðrum lyfjum sem geymd eru í læstum eiturlyfjaskáp. Verklagsreglur varðandi lyfjatiltekt og lyfjagjafir eru til útprentaðar í gæðahandbók á öllum deildum. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Öll föst lyf koma pökkuð frá Lyfjaveri og allar lyfjagjafir eru skráðar á sérstök blöð sem geymd eru í möppu heimilismanna.

Á heimilinu er starfandi lyfjanefnd sem í sitja læknir, hjúkrunarfræðingur og lyfjafræðingur (Bessi Gíslason lyfjafræðingur hjá Lyfjaveri) og aðrir fagaðilar sem kallaðir eru til hverju sinni. Lyfjaþjónusta Hrafnistu er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar. Reglulega er fylgst með lyfjagæðavísu sem Embætti landlæknis hefur mælt með.

Skráning

Skráning heilsufarsupplýsinga er að hluta til rafræn á Hrafnistu. Á **HR** og **HH** er rafræn skráning í ritvinnslu og á einni deild **HH** hefur verið tekin upp rafræn skráning í Sögu sjúkraskrárkerfið. Á **HK** er skráning alfarið á rafrænu formi í Sögu kerfinu. Til

stendur að taka Sögu sjúkraskrárkerfið í notkun á öllum heimilum Hrafnistu á árinu 2012.

Læknisfræðileg skráning er samkvæmt ICD-10 flokkunarkerfinu og er á ábyrgð lækna heimilisins. Sjúkraskrár eru vel skipulagðar, auðvelt að finna pappíra og upplýsingar varðandi læknisverk og rannsóknarniðurstöður.

Hjúkrunarskráning á **HR** og **HH** er á stöðluðum eyðublöðum sem geymd eru í möppu hvers heimilismanns. Upplýsingasöfnun byggir á heilsufarslyklum Gordons og hjúkrunargreiningar á NANDA flokkunarkerfinu. Hver heimilismaður á sína möppu sem inniheldur meðal annars útdrátt úr sjúkraskrá, svo sem eyðublöð fyrir fastar lyfjagjafir, upplýsingasöfnun hjúkrunar, hjúkrunargreiningar, tillögur að hjúkrunarmeðferð, framvindunótur, upplýsingar úr RAI mati o.fl.

Á **HK** og einni deild **HH** er alfarið rafræn skráning í Sögu sjúkraskrárkerfi, bæði læknisfræðileg skráning og hjúkrunarskráning. Sjúkraskrá er aðgangsstýrð og ábyrgðaraðilar eru yfirlæknar og hjúkrunarforstjóri. Inni hjá hverjum heimilismanni á **HK** er mappa sem inniheldur meðal annars útdrátt úr Sögu sjúkraskrá og ýmsar upplýsingar um hjúkrun, svo sem niðurstöður úr RAI mati og meðferð. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar fyrir heimilismenn og/eða nánustu aðstandendur.

Atvik /kvartanir

Verklagsreglur/ eyðublöð varðandi skráningu atvika bæði hvað varðar heimilismenn og starfsfólk eru í gæðahandbók. Einnig má finna leiðbeiningar varðandi atvik og viðbrögð við þeim í öryggishandbók heimilisins. Öll atvik eru skráð á þar til gerð atvikaskráningablöð og er yfirmaður þeirrar vaktar sem atvikið átti sér stað ábyrgur fyrir skráningunni. Atvik eru undirrituð af deildarstjóra sem kemur þeim áfram til hjúkrunarforstjóra. Alvarleg atvik eru samstundis tilkynnt til framkvæmdastjórnar Hrafnistu eða yfirmanns þess sviðs sem við á. Ef um er að ræða alvarleg atvik eða slys á starfsmönnum sér mannauðsdeild Hrafnistu um að tilkynna það til Vinnueftirlitsins. Engin alvarleg atvik voru tilkynnt til Embættis landlæknis árið 2011.

Ef heimilinu berst kvörtun vegna þjónustu eða samskipta þá er farið með þau mál samkvæmt verklagsreglum og leiðbeiningum í gæðahandbók sem liggur frammi á öllum deildum. Gæða- og fræðslustjóri Hrafnistu fylgir eftir málum ef ábendingar/kvartanir berast og áframsendir til viðkomandi deildarstjóra/forstöðumanns sem hefur tíu daga til að koma með tillögur að úrbótum eða leysa málið.

Öryggismál

Í öryggishandbók Hrafnistu eru skráðar reglur og leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við þjófnaði bæði frá heimilismanni og starfsmanni.

Við flutning á Hrafnistu eru nýir heimilismenn og/eða aðstandendur hvattir til að tryggja verðmæta hluti og upplýstir um að heimilið tekur ekki neina ábyrgð á eigum eða fjármunum heimilismanna.

Á HR og HH eru öryggismyndavélar við innganga og í aðalanddyrum en ekki á deildum.

Skriflega viðbragðsáætlun varðandi óboðna gesti er að finna í öryggishandbók Hrafnistu. Allir nýir starfsmenn fá fræðslu þar að lútandi á námskeiðum. Í gæðahandbók heimilisins eru verklagsreglur og leiðbeiningar hvernig bregðast skuli við ofbeldi eða grun um ofbeldi.

Skrifleg rýmingaráætlun fyrir heimilið er í öryggishandbók. Brunaviðvörðunarkerfi er á öllum heimilum Hrafnistu og eru leiðbeiningar vegna þeirra meðal annars að finna í öryggishandbók heimilisins. Reglulega eru haldnar brunaæfingar og starfsfólk heimilanna er hvatt til þess að kynna sér rýmingaráætlanir og rýmingaruppdrætti sem sýna staðsetningu neyðarútganga og slökkviútbúnaðar á hverri deild.

Hafin er vinna við gerð skriflegrar áætlunar um áhættumat og forvarnir og stendur til að þeirri vinnu ljúki á þessu ári (2012).

Þegar spurt var um hvaða einkunn Hrafnista fengi í öryggismálum er lúta að heimilismönnum (á bilinu 0 – 10) var svar framkvæmdastjórnar 9,5 og það sama gildi um öryggismál er lúta að starfsfólki.

Öryggisútbúnaður við umönnun er einungis notaður til að tryggja öryggi og sjálfsbjörg heimilismanna og aðeins með samþykki þeirra og/eða aðstandenda. Heimilismaður, eða aðstandandi ef heimilismaður er ekki stakk búinn til þess, skrifar undir upplýst samþykki ef notuð eru höft eða öryggisútbúnaður.

RAI mat

Hjúkrunarforstjóri ber ásamt gæða- og fræðslustjóra Hrafnistu ábyrgð á skráningu RAI mats. Markvisst er unnið með niðurstöður, svo sem gæðavísa, fyrir öll heimilin og niðurstöður RAI mats fyrir hvern heimilismann eru geymdar með annarri hjúkrunarskráningu. Hjúkrunardeildarstjórar á hverri deild bera ábyrgð á því að fara reglulega yfir niðurstöður matsins með sínu starfsfólki. Niðurstöður RAI mats eru

meðal annars nýttar til að skoða þróun gæðavísa milli tímabila og vinna gæðaubótaverkefni.

RAI gæðavísar eru 20 talsins og þegar gæðavísar Hrafnistu eru skoðaðir kemur í ljós að langflestir gæðavísar eru í góðu lagi og greinilegt er að sú umbótavinna sem unnin hefur verið á undanförunum misserum í tengslum við gæðavísa hefur skilað árangri.

Samantekt

Mönnun

Mönnun fagfólks við hjúkrun/umönnun á heimilum Hrafnistu er viðunandi miðað við núverandi aðstæður.

Flutningur á heimilið

Verklag við inntöku heimilismanna á heimilið er í góðu lagi.

Þjálfun/virkni og sálgæsla

Í góðu lagi.

Fæði og mötuneyti

Í góðu lagi.

Húsnæði og aðstaða

Húsnæði Hrafnistu er almennt í góðu standi og vel við haldið. Undanfarin ár hefur verið unnið að endurbótum á húsnæði **HR** og **HH** og verður þeim breytingum haldið áfram eftir því sem hægt er.

Öryggi og eftirlit

Yfirleitt í góðu lagi. Hafin er vinna við gerð skriflegrar áætlunar um áhættumat og forvarnir og stendur til að þeirri vinnu ljúki á þessu ári (2012).

Gæðastarf

Gæðastarf í mjög góðu lagi og vel skipulagt.

Atvik /kvartanir

Atvikaskráning í góðu lagi.

Sjúkraskrár

Vel skipulagðar og í góðu lagi.

Hjúkrunarskrár

Hjúkrunarskráning svo sem hjúkrunargreiningar, tillögur um meðferð og framvindumat er allt vel skráð og reglulega uppfært.

RAI skráning

Í góðu lagi og reglulega fylgst með niðurstöðum sem eru nýttar meðal annars til að auka gæði þjónustunnar.

Lyfjamál

Í góðu lagi. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla nema ef um vægari verkjalyf og þess háttar er að ræða. Lyfjaþjónusta Hrafnistu er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunnar.

Almennt um Hrafnistu

Augljóst er að starfsfólk lætur sér annt um vellíðan og velferð heimilismanna og metnaður er til að gera vel. Hugmyndafræði Hrafnistu byggir á virðingu fyrir einstaklingnum og allt kapp er á að stuðla að vellíðan heimilismanna. Markmið og hugmyndafræði heimilisins eru aðgengileg á heimasíðu Hrafnistu.

Embætti landlæknis þakkar fyrir góða samvinnu við gerð úttektarinnar.